

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu v/Öldugötu 1, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 17. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi við Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu vegna Öldugötu 1, Hafnarfirði.

Tillagan var í grenndarkynningu 18. ágúst – 18. september sl. samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 9. október 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag spildu í landi Hrísrúar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag spildu úr landi Hrísrúar í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. september 2000.

Skipulagið nær til spildu úr landi Hrísrúar, alls 9,76 ha. Spildan er suðvestan við Hrísrú í Mosfellsdal. Skipulagið sýnir fyrirhugaða ræktun á spildunni auk byggingarreits fyrir 25 m² vinnuskúr.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 6. október 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 17. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Tillagan var í auglýsingu 16. maí – 1. júlí sl. samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 10. október 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.